

1. maí 2010

Til formanna í Soroptimistasambandi Íslands

### **Kæru formenn klúbba**

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn.

Ég þakka fyrir ánægjulega samveru á Landssambandsfundinum. Húsavíkursystur gerðu sannarlega sitt til þess að við ættum góða daga á Húsavík og færum við þeim innilegar þakkir fyrir góðan undirbúning og frábærar móttökur. Ef einhverjar myndir eru til frá fundinum er upplagt að biðja Höllu Björgu að setja þær á vefinn.

### **Fulltrúar**

Mig langar að nota tækifærið svona skömmu eftir Landssambandsfund og minna á hve mikilvægir fulltrúar klúbba eru í gangverki Soroptimista. Fulltrúar taka allar mikilvægustu ákvarðanir Landssambandsins. Því er nauðsynlegt að fulltrúar séu meðvitaðir um mikilvægi þess að mæta á Landssambandsfundi og kynna sér vel áður allt sem þar á að fara fram.

Munið að fulltrúa á að kjósa þannig að þeir hætti aldrei báðir á sama tíma. Fulltrúa á að kjósa sitt hvort árið og sama er að segja um varafulltrúa.

Þá eiga fulltrúar að gefa klúbbum sínum skýrslu eftir Landssambandsfundi.

### **Gróðursetning**

Ellen Tyler verkefnastjóri umhverfismála er búin að skipuleggja gróðursetningardag og hvet ég systur til þess fjölmenna í Heiðmörk 3. júní kl.18:00. Gaman að taka fjölskylduna með og hafa með sér nesti.

### **Eldgos**

Okkur hafa borist nokkur bréf erlendis frá þar sem systur í Danmörku, Englandi, Ísrael og víðar eru áhyggjufullar vegna eldgosa á Íslandi. Sumar spyrja hvað þær geti gert fyrir okkur.

Ég hef svarað þessum bréfum á þá leið að allt sé í lagi með okkur en þar sem flug í Evrópu liggur niðri dag eftir dag finnst fólki hreinlega ótrúlegt að við skulum geta andað hér fyrir ösku og reyk og verið úti án þess að ganga með grímur.

### **Munaðarnes**

Ég minni ykkur á norræna vinadaga í Bergen í júní og haustfundinn í Munaðarnesi 1.-3. október.

### **Með systrakveðju**

Guðrún Erla Björgvinsdóttir  
forseti SI/Í